

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins
Rangárþings ytra, nr. 1275/2014, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Sveitarstjórnarfundur er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarmanna
eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

2. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og
nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum
hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélags-
ins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra
fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því
sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða
sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr.
sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 22. október 2021.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafðís Gísladóttir.